

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skjaldarmerki frá 1881 á framhlið Alþingishúss

Mál 43 á 153. löggjafarþingi 2022-2023. Áður lagt fram sem mál 502 á 152. löggjafarþingi 2021-2022, flutt að nýju, óbreytt.

Um tillöguna

Tillagan snýst um, eins og segir í greinargerð með henni, „að skjaldarmerkin sem prýddu Alþingishúsið á vígsludegi þess árið 1881 verði sett upp að nýju“. Á öðru merkinu var krýndur þorskur Íslands og á hinu þrjú krýnd ljón Danmerkur („danska ríkismerkið“). Fram kemur í umsögn þjóðminjavarðar, Hörpu Þórsdóttur (HP), að Matthías Þórðarson þjóðminjavörður (MP) hafi látið taka tvo skildi niður sem voru á húsinu vorið 1911, annar verið ríkisskjaldarmerki Danmerkur (þrjú ljón), hinn skjöldurinn verið með upphleyptum fálka. Síðarnefndi skjöldurinn bar þannig íslenska skjaldarmerkið frá 1904 sem kom í stað hins fyrra skjaldarmerkis Íslands með flöttum þorski, krýndum. Merkin sem Matthías lét taka niður eru varðveitt á Þjóðminjasafni en fram kemur í umsögn HP að þorskmerkið sem var á Alþingishúsinu sé ekki varðveitt. Það megi hins vegar endurgera eftir myndum.

Rök og athugasemdir

Rök flutningsmanns eru tvenns konar, (a) um að vaðveita upprunalegt horf hússins og (b) að heiðra söguna:

a. Varðveita skal upprunalegt horf Alþingishúss enda sé það stefnan þegar unnið sé að viðhaldi hússins. Vegna þessa skal rifjað upp það sem vitað er um vilja húsameistarans og samþykktar teikningar. Alþingismenn samþykktu á einkafundi þeirra að lokinni vígslu 1881 að merkin tvö skyldu tekin niður. Áhugi var á að hafa fálka fyrir þorsk. Meldahl húsameistari var andvígur þessu, „taldi að útlitið á framhlið hússins þyldi ekki að þessir skrautmunir væru brott numdir“ (Agnar Kl. Jónsson (AKJ), 31). Meldahl sagði teikningar af húsinu þegar samþykktar. Fálkamerkið væri ekki viðurkennt af yfirvöldum og því væri sneitt hjá því, sagði Meldahl, en valsmerki hefði verið sett yfir dyr í húsinu (Guðný Jónasdóttir (GJ), 122). Málinu var hreyft aftur á Alþingi 1883 en fékk ekki afgreiðslu (AKJ). Meginniðurstaðan var að virða vilja arkitekts hússins, Meldahls, og þannig stóð til 1904 og raunar í 30 ár.

b. Í öðru lagi bendir flutningsmaður á að halda skuli sögu landsins í heiðri. Komandi kynslóðir eigi rétt á að þekkja söguna og mannvirki og kennileiti sem bera henni vitni. Við þetta er einkum að athuga að þorskmerkið vakti vissa andúð Íslendinga á sinni tíð. Því er eðlilegt að rifja upp söguna um þetta atriði og rökstyðja frekar af hverju merkin skuli sett upp að nýju. Hér koma tvær athugasemdir við b lið:

1. Fram kemur að ekki hafi verið fundið að skildinum með ljónunum árið 1881. Matthías Þórðarson mun hafa fjarlægt bæði merkin 1911, segir frá eins og hann hafi gert það upp á sitt eindæmi. Hann taldi danska ríkismerkið „óhæfu“ (HP) en skýrir það ekki. Kemur ekki fram að fólki hafi á umræddum tíma, 1911, mislíkað merki Kristjáns IX á húsinu, það sem enn er. Virðist ekki eðlismunur á þessum merkjum, ríkismerkinu og merki konungs.

2. Ljóst er hvað olli andúð á hinu merkinu, hinum flatta og krýnda þorski, landsmönnum fannst ýmsum um 1870 að hann væri ekki nógu virðulegt tákn. Venja var að þjóðir hefðu ljón í merkjum sínum,

gamma eða erni eða aðrar slíkar skepnur og það þótti sumum sem tjáðu sig um málið um 1870 virðulegra en þorskurinn. Hinn flatti þorskur hafði þó verið notaður öldum saman sem tákn Íslands, sú venja átti miðaldarætur og flattur, krýndur þorskur varð að föstu merki landsins. Í varðveittu innsigli Íslands frá 1593 er fiskurinn að vísu óflattur en það byggist sennilega á misskilningi, hinn flatti og herti þorskur frá Íslandi var eftirsótt verslunarvara þegar á miðöldum, kallaður flatningur og plattfisk. Bolfiskurinn, hinn óflatti og herti, var ekki dæmigerður fyrir Ísland. Þessi tæknilegi munur angraði Íslendinga ekki um 1870 heldur hafði komið fram tillaga um að hafa fálka í stað þorsks. Þjóðerniskennd hafði farið vaxandi og sjálfstæðisbarátta var hafin og fólk felldi sig betur við fálka en þorsk. Fram til þessa tíma virðast landsmenn þó hafa fellt sig ágætlega við þorskinn (MP, 20. GJ, 120). Staða fámennrar og fátækrar þjóðar sem stefndi að sjálfraði var viðkvæm. Sú ranga skoðun kom fram að Danir hefðu þröngvað merkinu upp á Íslendinga. Getið er til að landsmenn muni ekki hafa viljað hætta á að merki Íslands yrði að athlægi og þeim yrði sjálfum jafnað til hins heimska fisks; í Norðurlandamálum merkti þorskur "heimskur maður". Til voru þeir sem bentu á að fálki merkti líka "heimskur" en þessi ábending breytti ekki neinu (GJ 120-21). Þegar heimastjórn var komið á 1904 tóku landsmenn upp fálkann í nýju skjaldarmerki Íslands. Fálkinn var svo leystur af hólmi 1918 af landvættum í nýju merki.

Merkin tvö með þremur ljónum annars vegar og þorski hins vegar voru enn á Alþingishúsinu 1904 en þá mun þorskmerkið hafa verið tekið niður, hið nýja fálkamerki sett í staðinn (GJ, 122). Matthías Þórðarson þjóðminjavörður lét að eigin sögn taka merkin tvö niður 1911 og setja í geymslu (HP). Hann gat þess að margir hefðu haft ímugust á þorskmerkinu. Matthías skýrði ekki af hverju ríkismerkið danska var "óhæfa" en að ofan er skýrð andúð á þorskmerkinu.

Skylt mál til samanburðar

Hér er þess að gæta að í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar voru tákn um danska stjórn landsmönnum mörgum ærið viðkvæm. Árið 1940 voru Bessastaðir landsmönnum, líklega flestum, tákn um danska kúgun og mun þá einkum hafa verið litið til tímans 1550-1750. Engu að síður urðu Bessastaðir aðsetur ríkisstjóra og síðar forseta. Áður en ákvörðun um þetta var tekin urðu átök um málið á Alþingii, menn skiptust í tvo hópa, með og móti og deildu, en þetta var samt afráðið.

Á árunum 1946-8 var Bessastaðakirkju breytt, fjarlægð voru dönsk ummerki, td. merki Kristjáns VII og legsteinn Páll Stígssonar, æðsta manns konungs á Íslandi. Í augum húsameistara, sem stóð fyrir breytingum, var hinn danski Páll tákn um harðýðgi Dana enda kallaður frumkvöðull Stóradóms. Þess er þó að gæta að forkólfar Íslendinga studdu Pál í starfi á sínum tíma, virðast hafa fellt sig við aukinn aga og siðvendni, voru líklega fylgjandi því. Á þessar breytingar í kirkjunni á Bessastöðum var harðlega deilt. Árið 1960 lét þáverandi forseti sækja legstein Páls í geymslu og koma fyrir í kirkjunni að nýju og verður þess ekki vart að steinninn angri nokkurn mann. Hann er hins vegar merkilegt sögulegt vitni.

Andúð á vali Bessastaða og innréttingum í kirkjunni er til vitnis um kaldar tilfinningar í garð danskra stjórnvalda vegna kúgunar á fyrri tíð. Meðal þeirra sem stóðu fyrir vali Bessastaða og töldu rétt að varðveita innréttingar kirkjunnar sem söguleg vitni gætti gagnrýni á afstöðu hinna, andstæðinga þessa, og orðið *minnimáttarkenn* var notað um þessa afstöðu. Gömlu innéttingunum var bjargað og komið fyrir í geymslu. Þær hafa varðveist vel og nýlega kom fram formleg tillaga um að koma þeim fyrir í kirkjunni að nýju og fylgdu með rækilegar ábendingar um hvernig það verði best gert. Má líta á þetta sem vitnisburð um að dregið hafi úr andúð í garð tákna um danskt vald á Íslandi. Virðist sem Íslendingar séu til þess búnir að gera upp sögu danskra stjórnar á landinu af meiri yfirvegum en títt var.

Niðurlag

Tillagan um að setja upp skjaldarmerkin gömlu á Alþingishúsið er af sama meiði og tillagan um að koma fyrir gömlum kirkjuinnréttingum í Bessastaðakirkju. Þessu ber að fagna. Hafa má legstein Páls Stígssonar til samanburðar og sátt um hann eftir deilur. Rök flutningsmanns um að skjaldarmerkin tilheyri upprunalegu útliti Alþingishússins eru sterk þegar þess er gætt að arkitektinn taldi þau prýða húsið og var andvígur að þau væru tekin niður.

Andúð Íslendinga á þorskmerkinu hefur sjálfsagt dvínað mikið, SÍF notaði merkið lengi vel og Sögufélag hefur gert merkið að tákni sínu. Það mælist vel fyrir. Hinn flatti og herti íslenski þorskur var eftirsótt gæðavara í útflutningi á fyrri tíð.

Landsmenn hafa gert einhvern mun á ríkismerkinu danska og svo merki Kristjáns IX, að því er virðist. Íslendingar munu vart gera slíkan mun lengur, merki Kristján IX minnir á söguna um tengsl landanna og danska stjórn á Íslandi og það mun ríkismerkið líka gera. Sagan um danska stjórn á Íslandi mun ekki verða afmáð með því að fela merki um hana, hún lifir samt. Merki og tákni um hana sem tekin verða í sátt minna Íslendinga á að gera upp þessa sögu alla, hugleiða hana, meta og ræða um hana. Íslendingar fögnuðu td. ekki einokunarverslun Dana þegar henni var komið á, hörmuðu hana og kvörtuðu enda versnuðu verslunarkjör. Það er sjálfsagt að ræða þetta án þykkju. Og líka að ræða þetta án einhverrar hlífðar við danska menn á 17. og 18. öld, af ótta við að móðga Nútímadani. Sjálfir hafa Danir á nýliðnum misserum staðið í uppgjöri vegna nýlendna sinna, þar sem voru plantekrur og þrælahald og settu upp mikla sýningu um þetta í Þjóðminjasafni sínu. Það yrði gagnlegt báðum þjóðum að gera upp danska stjórn á Íslandi án þess að hrópa sífellt um maðkað mjöl og fordæma Nútímadani. Uppsetning skjaldanna á Alþingishúsinu gæti orðið liður í slíkri viðleitni.

Með virðingu



Helgi Þorláksson

fv. prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands